

Reykjavík,  
24. apríl, 2019



*Styrkbeiðni vegna leigu á Völvufelli 15 til 21  
fyrir tónlistarmiðstöð  
samtakanna Stelpur rokka!*

Erindi til Borgarráðs	2
Viðauki 1 - Fyrirhuguð dagskrá tónlistarmiðstöðvar	8
Viðauki 2 - Þjónustuframlag samtakanna til hverfisins	12
Viðauki 3 - Fjárhagsáætlun	15
Viðauki 4 - Teikning af Völvufelli	17
Viðauki 5 - Ársyfirlit ársins 2018	18

## Erindi til Borgarráðs

Félagasamtökin Stelpur rokka! óska eftir stuðningi frá Borgarráði að upphæð 4.680.000 árlega, til næstu 3 ára, til að taka á leigu 300 fermetra húsnæði í Völvufelli 15 til 21 undir nýja tónlistarmistöð samtakanna.

Stelpur rokka! hafa verið í viðræðum við Reykjavíkurborg frá því í september síðastliðnum um leigu á húsnæði á vegum borgarinnar undir nýja tónlistarmiðstöð samtakanna. Stelpur rokka! fengu framúrskarandi umsögn hverfisráðs Breiðholti í útboði borgarinnar um leigu á húsnæðinu í Völvufelli.

Miðstöðin mun standa fyrir blómlegu starfi árið um kring. Áætlað er að um 100 þátttakendur taki árlega þátt í hljóðfæra- og hljómsveitabúðum samtakanna sem munu fara fram yfir vetrartímann. Sá fjöldi er til viðbótar við þá rúmlega 200 þátttakendur sem samtökin þjónusta nú þegar árlega í sumarrokkbúðum samtakanna.

Miðstöðin verður einnig opin öllum ungmennum, alla daga vikunnar. Samtökin munu standa fyrir fjölmörgum fræðsluviðburðum og tónleikum sem verða opnir gestum á öllum aldri og af öllum kynjum. Áætlaður fjöldi þátttakenda á opnu húsi, tónleikum og öðrum viðburðum er um 400 manns árlega.

Stelpur rokka! munu halda áfram að miðjusetja ungmenni með færri tækifæri í starfi sínu. Samtökin munu leggja höfuðáherslu á að bjóða ungmennum af erlendum uppruna í Breiðholti á opið hús tónlistarmiðstöðvarinnar og einnig bjóða þeim upp á frí og niðurgreidd pláss í alla skipulagða dagskrárliði samtakanna.

### **Um stelpur rokka!**

Stelpur rokka! eru nú hefja sitt áttunda starfsár en á árinu 2018 stóðu samtökin fyrir 9 rokkbúðum í fjórum landshlutum auk þess að vera í forsvari fyrir alþjóðlegar rokkbúðir í Þýskalandi, ásamt þýskum rokkbúðasamtökum. Alls þjónustuðu samtökin yfir 200 ungmenni á árinu sem störfuðu í yfir 40 hljómsveitum. Árið 2018 voru haldnar rokkbúðir víðsvegar um landið; í Reykjavík, á Patreksfirði, á Egilsstöðum, á Seyðisfirði og á Akureyri. Samtökin eru nú í miklum vexti en í apríl síðastliðnum var framkvæmdastýra samtakanna ráðin til starfa í hálf tölustöðugildi. Um er að ræða fyrsta starfsmann samtakanna, stórt skref í átt að sjálfbærari starfsemi til langs tíma. Auk framkvæmdastýru starfar um 50 kvenna hópur árlega að starfinu í sjálfbærastarfi og í tímabundnum launuðum verkefnum.

Stelpur rokka! starfa eftir sterkri sýn á félagslegt réttlæti. Við fræðum þátttakendur og sjálfboðaliða um jöfnuð og samstöðu og sýnum samvinnu og samhjálp í verki. Við hvetjum þátttakendur til að láta rödd sína heyrast, bæði á tónlistarsviðinu og úti í samfélaginu. Við bjóðum upp á þemu og vinnusmiðjur sem fræða þátttakendur um snertifleti femínisma og annarra baráttuhreyfinga við tónlistarstarf.

Við trúum á mátt ungmenna til aðgerða og lögðum á árinu 2018 ríka áherslu á að stofna ungliðateymi samtakanna, skipað 16 til 20 ára ungmennum sem eru fyrrum þátttakendur í rokkbúðum og koma nú til starfa sem sjálfboðaliðar og skipuleggjendur innan samtakanna. Það er mikilvægt að ungmenni sem kynnast starfinu fyrst sem þátttakendur sjái að þau tilheyra öflugri félagslegri hreyfingu og að þau séu velkomin til starfa innan hennar.

Samtökin leggja einnig mikla áherslu á að taka virkan þátt í uppbyggingu alþjóðlegru rokkbúðahreyfingarinnar. Stelpur rokka! voru aðalskipuleggjendur alþjóðlegra rokkbúða í Berlín í Þýskalandi, þar sem 60 ungmenni og 40 sjálfboðaliðar frá 10 Evrópulöndum unnu náið saman í eina viku í gistirokkbúðum. Samtökin sáu ennfremur um fjármögnun og skipulag Evrópuráðstefnu Rokkbúðabandalagsins sem fór fram í Belgrade í Serbíu í lok september á þessu ári. Loks sjá Stelpur rokka!, ásamt Sól í Tógó, alfarið um fjármögnun árlegra gistirokkbúða fyrir 40 stelpur hvert sumar auk reksturs tónlistarskóla sem starfar árið um kring í vestur Afríkúríkinu Tógó.

Samtökin hafa fundið fyrir miklum meðbyr í samfélaginu. Margvísleg tónlistartengd fyrirtæki, sjóðir og stofnanir veita okkur árlega stuðning. Á árinu voru t.d haldnir fjáröflunartónleikar á vegum nemenda og kennara í Listaháskóla Íslands til stuðnings samtakanna. Skilaboð okkar um valdeflingu stelpna, kvenna, trans og kynsegin einstaklinga í tónlist eru sýnileg í samfélaginu og rödd okkar kröftug.

Árið 2019 munu samtökin standa fyrir tveimur stórum verkefnum, annars vegar að opna tónlistarmiðstöð í efra Breiðholti og hins vegar að standa fyrir 100 manna alþjóðlegum rokkbúðum á Íslandi og vera leiðandi samstarfsaðili evrópuráðstefnu rokkbúða í Noregi. Allar nánari upplýsingar um samtökin má finna á heimasíðunni stelpurrokka.is og í meðfylgjandi viðauka, ársyfirliti frá árinu 2018.

## **Tónlistarmiðstöðin**

Stelpur rokka! munu opna og reka tónlistarmiðstöð sem mun þjónusta allt að 100 þátttakendur árlega í skipulögðum dagskrárliðum og 400 gesti á opnu húsi og öðrum

viðburðum. Samtökin munu ráða til starfa verkefnastýru í hálfstöðugildi sem mun hafa umsjón með öllu vetrarstarfi samtakanna. Með opnun tónlistarmiðstöðvar verður stigið mikilvægt skref í átt að því langtíma markmiði samtakanna að bjóða upp á metnaðarfullt valdeflandi tómstundastarf árið um kring. Samtökin hafa hingað til ekki getað annað eftirspurn í hljómsveitabúðir og hljóðfæratíma yfir vetrartímann, aðallega vegna skorts á húsnæði undir starfseminum.

Vetrarstarfið mun fara fram alla virka daga yfir vetrartímann og samanstanda af 10 vikna hljóðfæraeinkatímum á hverri önn, 10 vikna hljómsveitanámskeiðum á hverri önn, vikulegum vinnusmiðjum og reglulegum tónleikum. Samtökin munu ennfremur setja á laggirnar upptökuver en samtökin hafa undanfarið ár lagt áherslu á að efla þekkingu þátttakenda á tæknilegum hliðum tónlistarstarfs, m.a með nýrri raftónlistarlínu í rokkbúðunum í Reykjavík sumarið 2018. Upptökuverið mun þjónusta alla áhugasama og sérstök áhersla verður lögð á að bjóða upp á námskeið í upptökutækni fyrir ungmenni. Þá munu æfingarymi vera leigð út fyrir vægt gjald til allra áhugasama í hverfinu. Með því vilja samtökin styðja við fólk á öllum aldri og af öllum kynjum í hverfinu og bjóða fram vel útbúin rými sem henta til hvers kyns tónlistarsköpunar. Tónlistarmiðstöðin mun því ekki síst nýtast til að efla samstarf og samstöðu tónlistarfólks í hverfinu sem mun njóta góðs af æfingarymum, upptökuveri og tónleikaaðstöðu samtakanna. Samtökin munu einnig standa fyrir reglulegum viðburðum sem verða opnir öllum áhugasömum, í samstarfi við aðra samstarfsaðila í hverfinu, en samtökin hafa byggt upp öflugt tengslanet í Breiðholti undanfarin ár.

Ekki síst mun tónlistarmiðstöðin vera daglega með opið hús fyrir allar áhugasamar stelpur, trans og kynsegin ungmenni. Hugmyndafræði samtakanna byggir á því að starfið sé farsælast þegar það þjónustar þau ungmenni sem mest þurfa á valdeflingu að halda. Samtökin leggja mikla áherslu á að þjónusta ungmenni sem hafa minna aðgengi að valdeflandi tómstundastarfi sökum efnahags, búsetu, fötlunar, kynvitundar, uppruna eða annarra breyta. Við teljum nauðsynlegt að ungmenni hafi tækifæri til þess að mæta óvænt og fá að prófa sig áfram með ýmis konar hljóðfæri og græjur og spila saman sér að kostnaðarlausu og án þess að hafa gert boð á undan sér. Einnig munum við bjóða upp á ókeypis og niðurgreidd pláss í skipulagða dagskrárliði tónlistarmiðstöðvarinnar. Að jafnaði nýtir tæpur fjórðungur þátttakenda sér niðurgreiðslu að hluta eða að öllu leyti.

Nánari upplýsingar um dagskrá vetrarstarfsins má finna í meðfylgjandi viðauka, dagskráryfirliti.

Samtökin hafa starfað í efra Breiðholti undanfarin 3 ár því í því rannsóknir hafa sýnt að ungmenni í Breiðholti eru ólíklegri til þess að taka þátt í tómstundastarfi en ungmenni í



öðrum hverfum á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfallslega hátt hlutfall barna ef erlendum uppruna býr í Breiðholti en rannsóknir á tómstundapátttöku ungmenna sýna að ungmenni af erlendum uppruna búa við skertan aðgang að tómstundastarfi sökum margra þátta.<sup>1</sup>

Samfara opnun tónlistarmiðstöðvar í Breiðholti munu samtökin stunda öflugt kynningarátak til að kynna vetrarstarf samtakanna. Unnið verður náði með kennurum, foreldrafélögum, námsráðgjöfum og skólastjórnendum í öllum skólum í efra Breiðholti til að kynna frí og niðurgreidd pláss í starfsemi samtakanna fyrir ungmenni með skert aðgengi að tómstundastarfi. Kynningarstarfið mun byggja á þeirri vinnu sem samtökin hafa þróað síðustu ár sem byggir mikið á samskiptum við beina tengiliði við ungmenni í minnihluta. Við munum auglýsa starfsemi okkar víða um hverfið á nokkrum erlendum tungumálum og leggja áframhaldandi áherslu á aðgengismál í öllum verkefnum samtakanna. Við munum fræða sjálfbóðaliða samtakanna um hvernig við gerum rokkbúðarýmið sem aðgengilegast fyrir ungmenni í minnihluta. Við munum áfram gæta þess að allt húsnæði á okkar vegum sé aðgengilegt fyrir fólk með hreyfihömlun og munum uppfæra orðalag okkar í öllu útgefnu efni um aðgengi fyrir trans, kynsegin og intersex fólk.

Okkar reynsla síðastliðin sumur sýnir að það er þörf á ókeypis og niðurgreiddum tómstundaverkefnum í efra Breiðholti. Samtökin eru vel í stakk búin til þess að bjóða upp á slík verkefni í efra Breiðholti. Tónlistarmiðstöðin er mikilvægt næsta skref fyrir samtökin, þar sem skortur á aðstöðu fyrir skrifstofu, hljóðfæralager, hljómsveitaæfingar, rokkbúðir og rokksmiðjur árið um kring er farinn að hamla vexti samtakanna.

### **Þjónustuframlag Stelpur rokka! og samstarf við skóla og aðrar stofnanir í Breiðholti**

Samtökin munu leggja ríka áherslu á farsælt samstarf og þjónustu við skóla og aðra stofnanir sem starfa með ungmenum í Breiðholti og víðar í borginni. Samtökin hafa staðið fyrir reglulegum tónleikum, pallborðsumræðum, og öðrum viðburðum síðastliðin ár en viðburðirnir hafa hingað til verið staðsettir í miðbæ Reykjavíkur. Samtökin telja tímabært að bjóða upp á fleiri menningarviðburði í Breiðholti og mun tónlistarmiðstöðvarrymið þar gegna lykilhlutverki.

Sem hluta af leigusamningi við Reykjavíkurborg leggja samtökin til nokkur verkefni sem þjónustuframlag til hverfisins. Aðalþjónustuframlag samtakanna verður ráðning

---

1

[https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/greinargerdogtillioegurstarfsh\\_opsbreidholt.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/greinargerdogtillioegurstarfsh_opsbreidholt.pdf)

verkefnastýru sem starfrækir opið hús alla virka daga vikunnar sem sérstaklega er ætlað ungmendum af erlendum uppruna í hverfinu. Eftirtalin verkefni verða einnig lögð fram:

- Stelpur rokka! bjóði öllum 13 til 16 ára ungmendum af öllum kynjum frá skólum í Breiðholti í heimsókn á skólatíma í tónlistarmiðstöð Stelpur rokka! í 90 mínútna smiðju um tónlistarsögu kvenna og/eða smiðju um samspil tónlistar og baráttu fyrir félagslegu réttlæti.
- Samtökin standi fyrir reglulegum föstudagstónleikum sem verða auglýstir vel í hverfinu og verða opnir öllum áhugasömum gestum af öllum kynjum.
- Samtökin skipuleggi samráðsfundi hverfisráðs Breiðholts, skólastjórnenda og fagfólks í frítímastarfi í hverfinu til að kanna hvaða þjónustu samtökin geti boðið upp á án endurgjalds fyrir íbúa hverfisins. Í boði væri t.d að bjóða upp á fría ungmenniðburði á borð við rappsmiðjur, raftónlistarsmiðjur, tónlistarmyndbandasmiðjur og dj smiðjur.
- Stelpur rokka! munu sjá um að halda húsnæði snyrtilegu og vel hirtu að öllu leyti á meðan á leigutíma stendur. Umhirða í kringum húsið verður til fyrirmyndar og vilja samtökin þannig leggja af mörkum við að fegra nærumhverfi sitt og bæta ásýnd hverfisins.

Nánari upplýsingar um þjónustuframlag samtakanna má finna í viðauka sem nefnist *Þjónustuframlag*.

### **Stelpur rokka! sem leiðandi aðili í valdeflandi tómskundastarfi á Íslandi**

Við teljum áætlanir okkar um tónlistarmiðstöð í efra Breiðholti vera góð viðbót í hverfið sem nýtist fyrir fjölbreytt samfélagsverkefni og eykur möguleika íbúa á þáttöku í uppbyggjandi félagsstarfi. Samtökin njóta ríkulegs stuðnings Hverfisráðs Breiðholts og hafa fundið fyrir einstaklega miklum meðbyr á meðal almennings í hverfinu varðandi fyrirhugaða opnun tónlistarmiðstöðvarinnar í Völvufelli. Samtökin vilja halda áfram að miðjusetja ungmenni með færri tækifæri í valdeflandi tómskundastarfi sínu og við teljum það vera öllum til heilla að samtökin fái að blómstra í Breiðholti, á þeim forsendum.

Fyrir hönd stjórnar Stelpur rokka!, með vinsemd og von um jákvæð viðbrögð,

Áslaug Einarsdóttir

---

Áslaug Einarsdóttir

Framkvæmdastýra Stelpur rokka!

[info@stelpurrokka.is](mailto:info@stelpurrokka.is)

s: 6965438



## Dagskrá tónlistarmiðstöðvar veturinn 2019 til 2020

Félagasamtökin Stelpur rokka! áætla að þjónusta yfir 100 ungmenni á aldrinum 10 ára og eldri í nýrri tónlistarmiðstöð sem opnuð verður haustið 2019. Ennfremur mun fjöldi gesta af öllum aldri og af öllum kynjum sækja viðburði miðstöðvarinnar og nýta sér aðstöðu á vegum samtakanna. Tónlistarmiðstöðin verður opin frá 14:30 til 18:30 alla virka daga og mun standa m.a. fyrir eftirtöldum dagskrárlíðum:

**Opið hús:** Aðalþjónustuframlag tónlistarmiðstöðvarinnar til íbúa hverfisins felst í því að bjóða ókeypis aðgengi fyrir stelpur (sís og trans), konur, trans stráka, kynsegin og intersex einstaklinga í miðstöðina og öll þau hljóðfæri og græjur sem þar verður að finna. Gestir geta komið og spilað á hljóðfæri og samið eigin tónlist einir eða í hópi vina, undir leiðsögn sjálfboðaliða í tónlistarmiðstöðinni. Ávallt verða sjálfboðaliðar á staðnum til þess að þjónusta þau ungmenni sem heimsækja miðstöðina á eigin forsendum.

Áætlaður fjöldi gesta á önn í opnu húsi: 150 gestir

**Rokkrúlletta:** Um er að ræða 10 vikna hljómsveitanámskeið þar sem þátttakendur æfa saman í hljómsveit einu sinni í viku og semja frumsamið lag. Sjálfboðaliðar samtakanna munu sinna hljómsveitastjórn. Dagskrá hljómsveitaæfinganna mun að mestu fara eftir dagskrá sumarrokkbúða samtakanna. Samtökin anna ekki eftirspurn í sumarrokkbúðir og vilja því efla og styrkja hljómsveitastarfið árið um kring með rekstri rokkrúllettu. Samtökin hafa áður starfrækt vetrarrokkrúllettu árið 2017 og var reynslan af því starfi mjög góð.

Áætlaður fjöldi þátttakenda á önn í rokkrúllettu: 20 (miðað við 4 hljómsveitir á önn).

**Hljóðfæratímar:** Samtökin hafa sinnt hljóðfærakennslu á fimm hljóðfæri undanfarin 2 ár en ekki getað annað eftirspurn um fría og niðurgreidda hljóðfæratíma sökum aðstöðuleysis. Boðið verður upp á klukkutíma langa einkakennslu á hljóðfæri í 10 vikur á hvorri önn. Kennslan verður í höndum reyndra tónlistarkennara úr röðum samtakanna.

Áætlaður fjöldi þátttakenda á önn í hljóðfærátíma: 20 (miðað við reynslu samtakanna síðustu ár)

**Rokksmiðjur:** Samtökin hafa síðastliðin 5 ár framkvæmd rokksmiðjur á haustin. Um er að ræða DJ smiðju, rappsmiðju, myndbandasmiðju og raftónlistarsmiðju. Samtökin hafa ekki getað sinnt rekstri rokksmiðja undanfarin ár eins og skyldi vegna aðstöðuleysis en þær hafa ávallt verið mjög vinsæll dagskrárliður hjá samtökunum. Rokksmiðjurnar munu gegna lykilhlutverki í vetrar- og vorstarfi samtakanna og verða ekki einungis opnar þátttakendur rokkrúllettu og hljóðfærátíma heldur öllum áhugasömum ungmennum. Rokksmiðjuserían verður auglýst mjög vandlega í hverfinu og áhersla lögð á frí og niðurgreidd pláss.

Áætlaður fjöldi þátttakenda á önn í rokksmiðjum: 50 ( miðað við 10 þátttakendur í 5 smiðjum)

### **Tónleikar og aðrir föstudagsviðburðir:**

Samtökin munu einnig standa fyrir reglulegum tónleikum og öðrum menningarviðburðum sem verða opnir öllum áhugasömum gestum af öllum kynjum. Samtökin munu leggja ríka áherslu á að bjóða upp á spennandi samstarfsviðburði og efla enn frekar tengslanetið við aðila í hverfinu sem þjónusta ungmenni með færri tækifæri. Samtökin hafa staðið fyrir reglulegum tónleikum, pallborðsumræðum, og öðrum viðburðum síðastliðin ár en viðburðirnir hafa hingað til verið staðsettir í miðbæ Reykjavíkur. Samtökin telja tímabært að bjóða upp á fleiri menningarviðburði í Breiðholti og mun tónlistarmiðstöðvarrymið þar gegna lykilhlutverki.

Áætlaður fjöldi gesta á tónleikum og öðrum föstudagsviðburðum: allt að 50 – 80 þátttakendur og gestir á hverjum viðburði.

### **Smiðjur til grunnskólanemenda**

Sem þjónustuframlag samtakanna til hverfisins vilja samtökin bjóða öllum 16 ára ungmennum af öllum kynjum frá skólum í Breiðholti í heimsókn á skólatíma í tónlistarmiðstöð Stelpur rokka! í 90 mínútna smiðju um samspil tónlistar og baráttu fyrir félagslegu réttlæti. Sjá nánar um dagskrá smiðjunnar í viðauka nefndum *Þjónustuframlag*.

Áætlaður fjöldi grunnskólanema í smiðju á önn: 4 grunnskólabekkir á önn.

**Hljóðver:** Samtökin munu leigja út hljóðversaðstöðu til allra áhugasamra fyrir sanngjarnt verð og bjóða ennfremur upp á fría og niðurgreidda hljóðverstíma fyrir ungmennahljómsveitir. Innan stelpur rokka! starfa verkefnastýrur með menntun í upptökutækni sem munu annast hönnun og uppsetningu hljóðversins sem verður tilbúið ekki seinna en vorið 2020. Samtökin munu einnig bjóða upp á byrjendanámskeið í upptökutækni fyrir ungmenni, sem hluta af föstudagssmiðjum.

Áætlaður fjöldi þátttakenda á önn í hljóðveri: Um 20 til 40 þátttakendur.

**Leiga á æfingarymum:** Samtökin munu leigja út æfingaaðstöðu til tónlistarfólks í hverfinu fyrir vægt gjald, til að standa undir leigukostnaði tónlistarmiðstöðvar. Í forgangi verður að leigja rýmin ungmennaböndum en rýmin verða einnig opin öllum áhugasömum af öllum kynjum sem vilja leigja æfingaaðstöðu og styðja við starfsemi samtakanna í leiðinni. Skortur er á aðgengilegu æfingahúsnæði í hverfinu og vilja Stelpur rokka! leggja sitt af mörkum við að mynda rými fyrir hvers kyns tónlistariðkun.

Áætlaður fjöldi leigjenda á önn í æfingarymum: Um 20 til 40 leigjendur.

Tillaga að dagskrá tónlistarmiðstöðvar Stelpur rokka! veturinn 2019 til 2020 (miðað við amk 2 æfingarymi í fullri notkun)

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
14:30 til 15	Tónlistarmiðstöð opnar	Tónlistarmiðstöð opnar	Tónlistarmiðstöð opnar	Tónlistarmiðstöð opnar	Tónlistarmiðstöð opnar
15 til 16	<i>Rými 1</i> Hljóðfæratími: Hljómborð  <i>Rými 2</i> Hljóðfæratími: Hljómborð  <i>Miðrými</i> Opið hús	<i>Rými 1</i> Hljóðfæratími: söngur  <i>Rými 2</i> Hljóðfæratími: Söngur  <i>Miðrými</i> Opið hús	<i>Rými 1</i> Hljóðfæratími: Gítar  <i>Rými 2</i> Hljóðfæratími: Gítar  <i>Miðrými</i> Opið hús	<i>Rými 1</i> Hljóðfæratími: Bassi  <i>Rými 2</i> Hljóðfæratími: Trommur  <i>Miðrými</i> Opið hús	<i>Rými 1</i> Hljóðfæratími: Trommur  <i>Rými 2</i> Hljóðfæratími: Bassi  <i>Miðrými</i>

					Rokksmiðja/ Laust rými fyrir samstarfsverkefni
16 til 17	<p><i>Rými 1</i> Rokkrúlletta: Band A</p> <p><i>Rými 2</i> Hljóðfæratími: Hljómborð</p> <p><i>Miðrými</i> Opið hús</p>	<p><i>Rými 1</i> Rokkrúlletta: Band B</p> <p><i>Rými 2</i> Hljóðfæratími: Söngur</p> <p><i>Miðrými</i> Opið hús</p>	<p><i>Rými 1</i> Rokkrúlletta: Band C</p> <p><i>Rými 2</i> Hljóðfæratími: Gítar</p> <p><i>Miðrými</i> Opið hús</p>	<p><i>Rými 1</i> Rokkrúlletta Band D</p> <p><i>Rými 2</i> Hljóðfæratími: Bassi</p> <p>Miðrými Opið hús</p>	<p><i>Rými 1</i> Hljóðfæratími: Trommur</p> <p><i>Rými 2</i> Hljóðfæratími: Bassi</p> <p>Miðrými Rokksmiðja/Laust rými fyrir samstarfsverkefni</p>
17 til 18	<p><i>Rými 1</i> Rokkrúlletta: Band A</p> <p><i>Rými 2</i> Hljóðfæratími: Hljómborð</p> <p><i>Miðrými</i> Opið hús</p>	<p><i>Rými 1</i> Rokkrúlletta: Band B</p> <p><i>Rými 2</i> Hljóðfæratími: Söngur</p> <p><i>Miðrými</i> Opið hús</p>	<p><i>Rými 1</i> Rokkrúlletta: Band C</p> <p><i>Rými 2</i> Hljóðfæratími: Gítar</p> <p><i>Miðrými</i> Opið hús</p>	<p><i>Rými 1</i> Rokkrúlletta Band D</p> <p><i>Rými 2</i> Hljóðfæratími: Trommur</p> <p><i>Miðrými</i> Opið hús</p>	<p><i>Rými 1</i> Laust rými fyrir samstarfsverkefni</p> <p><i>Rými 2</i> Laust rými fyrir samstarfsverkefni</p> <p><i>Miðrými:</i> Rokksmiðja/Laust rými fyrir samstarfsverkefni</p>
18 til 18:30	Tónlistarmiðstöð lokar / leiga á æfingarymum til kl 23	Tónlistarmiðstöð lokar/ leiga á æfingarymum til kl 23	Tónlistarmiðstöð lokar / leiga á æfingarymum til kl 23	Tónlistarmiðstöð lokar / leiga á æfingarymum til kl 23	Tónleikar! (fyrsta föstudag í mánuði - opið til 20)



## Þjónustuframlag tónlistarmiðstöðvar til íbúa, skóla og stofnanna í Breiðholti

### **Opin og aðgengileg tómstundamiðstöð fyrir ungmenni í minnihluta**

Tónlistarmiðstöð félagasamtakanna Stelpur rokka! er samfélagsverkefni sem hefur það að markmiði að valdefla ungmenni í efra Breiðholti með því að hvetja þau til þess að láta rödd sína heyrast á skapandi hátt.

Aðalþjónustuframlag tónlistarmiðstöðvarinnar til íbúa hverfisins felst í því að bjóða ókeypis aðgengi fyrir stelpur (sís og trans), konur, trans stráka, kynsegin og intersex einstaklinga í miðstöðina og öll þau hljóðfæri og græjur sem þar verður að finna.

Tónlistarmiðstöðin verður opin alla virka daga. Gestir geta komið og spilað á hljóðfæri og samið eigin tónlist einir eða í hópi vana, undir leiðsögn sjálfboðaliða í tónlistarmiðstöðinni. Gestir geta tekið þátt í skipulagðri dagskrá sem mun fara fram í húsinu hvern dag en ávallt verða sjálfboðaliðar á staðnum til þess að þjónusta þau ungmenni sem að kjósa frekar að dvelja í miðstöðinni á eigin forsendum.

Sérstök áhersla verður lögð á að kynna tónlistarmiðstöðina fyrir ungmönnum með færri tækifæri í hverfinu. Til ungmenna með færri tækifæri teljast m.a. ungmenni af erlendum uppruna en ljóst er að þátttaka þeirra í tómstundastarfi í Breiðholti er töluvert minni en þátttaka ungmenna með íslensku sem móðurmál.

Samtökin munu leggja mikla áherslu á víðfemt kynningarátak til ungmenna af erlendum uppruna samfara opnun tónlistarmiðstöðvarinnar. Kynningarefni verður þýtt á nokkur tungumál og dreift í flest hús í hverfinu. Við munum þjálfja sjálfboðaliða sérstaklega í starfi með ungmönnum af erlendum uppruna og fá til liðs við okkur samstarfsfólk úr öðrum samtökum á borð við Rauða Krossinn, líkt og venjan hefur verið í kynningarátökum liðinna ára á vegum samtakanna.

### **Samstarf við skóla og stofnanir í Breiðholti**



Samtökin munu leggja ríka áherslu á farsælt samstarf og þjónustu við skóla og aðra stofnanir sem starfa með ungmennum í Breiðholti og víðar í borginni. Samstarfið mun miða að því að bjóða upp á spennandi ungmenniðburði sem eru til þess fallnir að kynna starfsemi samtakanna og framboð af ókeypis tómsundastarfi.

Sem hluta af þjónustuframlagi leggja samtökin til eftirfarandi verkefni:

- Stelpur rokka! bjóði öllum 16 ára ungmennum af öllum kynjum frá skólum í Breiðholti í heimsókn á skólatíma í tónlistarmiðstöðina í 120 mínútna smiðju um áhrifamátt tónlistar í baráttu fyrir betri heim.

Smiðjan sameinar þau þrjú lykilþemu sem Stelpur rokka! hafa miðjuset í starfi sínu síðastliðin 8 ár; fræðslu um félagslegt réttlæti, tengsl við fyrirmyndir í tónlist og skapandi tónsmíðar þar sem ungmennin leiða sjálf vinnuna. Verkefnið er þverfaglegt því það leggur jafn mikla áherslu á fræðslu um félagslegt réttlæti og á tónlist.

Farsælar tónlistarkonur munu leiða smiðjuna í samstarfi við starfsfólk samtakanna. Tónlistarkonurnar munu flytja frumsamið lag og fjalla um tónlistarsköpun sína sem mikilvægt afl í baráttu fyrir bættu samfélagi. Starfsfólk samtakanna mun halda stutt erindi um sögu tónlistar og mótmælahreyfinga. Þátttakendur skapa, undir stjórn, tónlistarkvenna og starfsfólks samtakanna, eigin texta og lag, mínútuverk, innblásið af þemunum sem er flutt í lok smiðjunnar. Samtökin áætla að þjónusta einn bekki í hverjum mánuði, en nánari útfærsla smiðjunnar verður í samráði við skólastjórnendur.

Markmiðið með smiðjunni er að nemendur öðlist skapandi innsýn inn í þeirra eigin mátt til breytinga. Verkefnið tekur sérstaklega til þriggja af sex grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Þessir grunnþættir eru lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Verkefnið rímar vel við áherslur aðalnámskrár grunnskóla um mikilvægi þess að rækta getu og vilja ungmenna til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að breyta samfélagi sínu og þróa.<sup>2</sup>

*Eftirtalin verkefni verða einnig lögð fram sem þjónustuframlag:*

- Samtökin standi fyrir reglulegum föstudagstónleikum sem verða auglýstir vel í hverfinu og verða opnir öllum áhugasömum gestum af öllum kynjum.

---

<sup>2</sup> Aðalnámsskrá grunnskóla, 2013, Mennta og menningarmálaráðuneyti. Slóðin er: <https://www.google.com/search?client=firefox-b-1-d&q=a%C3%B0aln%C3%A1msskr%C3%A1+grunnsk%C3%B3la>

- Samtökin skipuleggi samráðsfundi skólastjórnenda og fagfólks í frítímastarfi í hverfinu til að kanna hvaða þjónustu fyrir íbúa hverfisins mestur áhugi er fyrir. Samtökin eiga árlega í góðu samstarfi við Tónskóla Sigursveins og hafa einnig starfað með starfsfólki Miðbergs. Samráðsfundir þessir munu styrkja enn frekar tengsl við aðila í hverfinu.

### **Umhirða leiguhúsnæðis**

Stelpur rokka! munu sjá um að halda húsnæði snyrtilegu og vel hirtu að öllu leyti á meðan á leigutíma stendur. Umhirða í kringum húsið verður til fyrirmyndar og vilja samtökin þannig leggja af mörkum við að fegra nærumhverfi sitt og bæta ásýnd hverfisins.

Stelpur rokka! munu fjármagna minniháttar endurbætur á húsnæði svo sem uppsetningu milliveggja, málun, lagningu gólfefna og aðrar endurbætur sem kunna að vera nauðsynlegar við afhendingu húsnæðis.

## Fjárhagsáætlun



Tónlistarmiðstöð Stelpur rokka! í Völvufelli 15 til 21  
1. september 2019 til 1. janúar 2020

### Innkomuliðir

Styrkur Velferðarráðuneytis	500.000 krónur (launakostnaður v.stýru)
Eigið fé samtakanna	1.500.000 krónur (endurbætur)
Innkoma frá þáttökugjöldum	900.000 krónur
Framlag frá Reykjavíkurborg	1.230.000 krónur (húsaleiga og rekstrarkostnaður)
Varnings sala og aðrir styrkir	400.000 krónur (Sótt um Barnamenningarsjóð)

**Samtals: 4.560.000 krónur**

### Útgjaldaliðir

Launakostnaður verkefnastýru (hálf starf)	1.166.000 krónur
Húsaleiga	870.000 krónur (fyrsti mánuður frír)
Kostnaður við endurbætur á rými	1.500.000 krónur
Kostnaður við kynningarherferð	300.000 krónur
Sjálfbóðaliðabóknanir	350.000 krónur
Rekstrarkostnaður (rafmagn, hiti, internet)	360.000 krónur (fyrsti mánuður frír)

**Samtals: 4.546.000 krónur**

## Fjárhagsáætlun



Tónlistarmiðstöð Stelpur rokka! í Völvufelli 15 til 21

1. janúar 2020 til 31. desember 2020

### Innkomuliðir

Styrkur Velferðarráðuneytis	2.000.000 krónur (launakostnaður v.stýru)
Innkoma frá þáttökugjöldum	1.800.000 krónur
Framlag frá Reykjavíkurborg	4.680.000 krónur (húsaleiga og rekstrarkostnaður)
Varningssala og aðrir styrkir	700.000 krónur (Sótt um List fyrir alla)


**Samtals: 9.180.000 krónur**

### Útgjaldaliðir

Launakostnaður verkefnastýru (hálf starf)	3.500.000 krónur
Húsaleiga	3.480.000 krónur
Kostnaður við kynningarherferð II	300.000 krónur
Sjálfbóðaliðabóknanir	700.000 krónur
Rekstrarkostnaður (rafmagn, hiti, internet)	1.200.000 krónur

**Samtals: 9.180.000 krónur**

## Teikning af Völvufelli 15 til 21



Skýring: Tónlistarmiðstöðin verður til húsa í því því rýmum sem merkt eru með fjólubláum, grænum, bláum og rauðum litum. Rými merkt með gulum lit húsa Nýlistasafn Íslands.

Fjólublátt: Æfingarrými

Grænt: Æfingarrými

Blátt: Tónleikasalur og aðalrými. Kaffiaðstaða og skrifstofuafdrepp.


Rautt: Geymsla og hljóðupptökuver

# STELPUR ROKKA!

*Ánsýfirlit 2018*







## Kveðja frá skipulagsteyminu

Við þökkum kærlega fyrir frábært samstarf á þessu viðamesta starfsári samtakanna til þessa.

Árið 2018 náðu samtökin þeim stóra áfanga að bjóða upp á rokkbúðir í öllum landshlutum. Við höldum 8 rokkbúðir í Reykjavík, á Akureyri, á Patreksfirði, á Egilsstöðum og á Seyðisfirði. Samtökin voru einnig í forsvari fyrir gríðarstórar alþjóðlegar rokkbúðir í Berlín, ásamt þýskum rokkbúðasamtökum.

Samtökin tvöfölduðu þátttakendafjölda sinn frá árinu 2017 og þjónustuðu yfir 210 manns sem mynduðu yfir 40 hljómsveitir síðastliðið sumar! Við stóðum einnig fyrir margvíslegum viðburðum á árinu og höldum m.a. glæsilega raftónlistarhátíð í samstarfi við Synth Babes hópinn.

Við stigum stórt skref í átt að aukinni sjálfbærni og réðum fyrsta starfskraftinn, framkvæmdastýru samtakanna, í fast hlutastarf. Auk framkvæmdastýru starfar fjölmennt skipulagsteymi sem sinnir fjölbreyttum tímabundnum launuðum verkefnum yfir árið.

Við styrktum samstarfið við systurbúðir okkar víðsvegar um heiminn. Við tryggðum, með hjálp vina og velunnara og Utanríkisráðuneytisins, fjármagn til rokkbúðanna í Tógó til næstu 3 ára. Við erum stolt af því að vera hluti af alþjóðlegri hreyfingu rokkbúða

sem allar starfa eftir sömu gildum fémínisma, félagslegs réttlætis, samhjálp og samstöðu.

Við unnum áfram að því að miðjusetja ungmenni með færri tækifæri í öllu okkar starfi og skerptum þá jafnréttissýn sem við störfum eftir.

Við þökkum þeim fjölmörgu stuðnings og samstarfsaðilum, foreldrum og þátttakendum sem störfuðu með okkur í sumar kærlega fyrir magnað rokkár.

Þakklætiskveðja frá Skipulagsteymi Stelpur rokka!


Anna Sæunn Ólafsdóttir  
Auður Viðarsdóttir  
Áslaug Einarsdóttir  
Björg Þórgrímsdóttir  
Eyrún Ólöf Sigurðardóttir  
Fanney Kristjáns Snjólaugardóttir  
Guðrún Veturliðadóttir  
Ingibjörg Elsa Turchi  
Íris Ellenberger  
Katla Ísaksdóttir  
Margrét Arnardóttir  
Margrét Hugadóttir  
Rúna Vala Þórgrímsdóttir  
Sunna Ben  
Sunna Ingólfssdóttir



## HVAÐ ER STELPUR ROKKA?



Stelpur rokka! eru sjálfbóðaliðarekin samtök sem efla og styrkja stelpur (sís og trans), konur, trans stráka, kynsegin og intersex fólk í gegnum tónlistarsköpun og jafnréttisfræðslu. Á þeim rúmu 7 árum sem við höfum starfað hafa yfir 750 þátttakendur komið

í rokkbúðir og rokksmiðjur á okkar vegum. Í rokkbúðunum læra þátttakendur á hljóðfæri, spila saman í hljómsveit, taka þátt í skemmtilegum vinnusmiðjum um tónlist og jafnrétti og spila frumsamið lag á lokatónleikum fyrir fullum sal vina og fjölskyldu.





# VORVERKEFNI



b

## Hljóðfæranámskeið

Nú geta allir áhugasamir á öllum aldri komið í einkatíma til okkar reyndustu hljóðfærakennara. Við höldum árlega hljóðfæranámskeið fyrir átta ára og eldri, á bassa og kennum á gítar, hljómborð, trommur og söng. Við bjóðum upp á notkun Frístundakortsins en bjóðum einnig upp á frí og niðurgreidd pláss. Við hlökkum til að stórauka framboð af hljóðfæranámskeiðum haustið 2019!



## Rokkbúðabandalagið GRCA

Stelpur rokka! eru hluti af alþjóðlegri hreyfingu yfir hundrað rokkbúða út um allan heim sem nefnist Rokkbúðabandalagið (e. Girls Rock Camp Alliance). Á hverju ári hittast rokkbúðaskipuleggjendur á alþjóðaráðstefnu og skiptast á hugmyndum um starfið, deila reynslusögum og fræða hvert annað um þau málefni sem brenna á fólki á hverjum stað.

Stelpur rokka! hafa frá stofnun tekið virkan þátt í starfi Rokkbúða-bandalagsins og hafa m.a. átt fulltrúa í stjórn þess. Samtökin sendu þrjá fulltrúa á ráðstefnuna í ár, þær Írisi Ellenberger, Maríu Viktoríu Einarsdóttur og Helgu Jónsdóttur. Ráðstefna Rokkbúða-bandalagsins veitir okkur mikinn innblástur til að staðsetja starfið okkar betur á skurðpunktum femínisma, tónlistarsköpunar og baráttu gegn hvers konar kúgun.



# ROKKBÚÐIR Á PATREKSFIRÐI OG EGILSSTÖÐUM



## Patneksfjörðun

Við förum í fyrsta skipti vestur á firði í maí! Samtökin áttu í einstaklega ánægjulegu samstarfi við Húsið, menningarmiðstöð á Patneksfirði en í sameiningu héldum við helgarlangar rokkbúðir fyrir 12 til 16 ára ungmenni á Vestfjörðum. Helgin einkenndist af gleði, sköpunarkrafti og kynngi-magnaðri fjallaorku. Við erum einstaklega þakklát fyrir að hafa starfað í fyrsta skipti með vestfirskum ungmennum og hlökkum til framhalds á næstu árum.

## Egilsstaðin

Fulltrúar Stelpur rokka! Tóku þátt í frábæru verkefni hjá Sláturhúsinu, menningarmiðstöð á Egilsstöðum sem hét Stelpur skapa. Við héldum þriggja daga helgarrokkbúðir fyrir yndislega skemmtilegan hóp af 12 til 16 ára ungmennum búsettum á Egilsstöðum og víðar á Austurlandi. Við þökkum Kristínu Amalíu hjá Sláturhúsinu og Fljótsdalshéraði kærlega fyrir frábært samstarf!



## Tilvitnanin frá ánægðum foreldnum á Patneksfirði

„[...] var mjög ánægð með helgina og myndi taka þátt að ári ef það er í boði. Ég mun hiklaust mæla með rokkbúðunum til annara foreldra og dætra þeirra.“

„[...] var mjög sátt og fannst mjög gaman að rokka. Mætir pottþétt á næsta ári.“



**ERT ÞÚ  
12-16 ÁRA  
STELPA?\***

LANGAR ÞIG.  
AÐ ROKKA  
Í SUMAR?

Rokkbúðir á Egilsstöðum  
dagana **27. til 29. apríl** &  
Seyðisfirði **6. til 10. ágúst.**

Skráning á [stelpurrokka.org](http://stelpurrokka.org)

Komdu og lærðu á hljóðfæri,  
spilaðu í hljómsveit og semdu  
eigið lag! Skemmtilegar smíðjur  
og tónleikar alla vikuna.

Frí og niðurgreidd pláss í boði.  
Engin hljóðfærakunnátta  
nauðsynleg!

\*stelpur (cis og trans), trans  
strákar, kynsegin og intersex  
krakkar  
velkomnir



# GILDIN OKKAR OG INNRA STARF



## Hugmyndafræðin okkar

Við vinnum eftir femínískri hugmyndafræði sem felur í sér meðvitund um að einstaklingar geti tilheyrt margvíslegum mismunandi jaðarhópum í samfélaginu. Á hverju ári vinnum við með fjölbreyttum samstarfssamtökum að því markmiði að dýpka fræðslu um snertifleti femínisma og baráttu annarra jaðarsettra hópa til sjálfbóðaliða og þátttakenda í búðunum.

Í ár fengum við fræðslu frá Samtökum um líkamsvirðingu. Við ræddum um fitufordóma í samfélaginu og um skaðlegar staðalímyndir í fjölmiðlum. Sjálfbóðaliðar samtakanna deildu með þátttakendum reynslu sinni af því að tilheyra samfélagi trans fólks á Íslandi og við könnuðum í sameiningu hvernig við getum notað okkar eigin forréttindi til þess að styðja jaðarsettari samfélagshópa.



## Kynningarherferð til ungmenna í minnihluta

Á árinu unnum við áfram að því markmiði að miðjusetja ungmenni í minnihluta í starfinu okkar. Við stunduðum kynningarstarf, til stelpna og ungmenna sem tilheyra minnihlutahópum, með stuðningi Velferðarráðuneytisins.

Hornsteinninn í starfi Stelpur rokka! er stefna okkar um valfrjáls þáttökugjöld í rokkbúðirnar. Hver þátttakandi borgar þá upphæð sem hann hefur efni á. Frí pláss eru í boði fyrir þá þátttakendur sem þurfa á að halda. Það er okkar sannfæring að starfið skili mestum árangri þegar það nýtist þeim þátttakendum sem mest þurfa á stuðningi og valdeflingu að halda.








# KVENNA- ROKKBÚÐIR

Hið sívinsæla kvennarokk fyrir þátttakendur 18 ára og eldri var haldið í byrjun júní í Reykjavík. Kvennarokkið er einstaklega valdeflandi og nærandi, þar sem fólk fer út fyrir þægindarammann, lærir á nýtt hljóðfæri eða rifjar upp gamla takta, skellir í frumsamið lag og spilar á lokatónleikum - allt á einni helgi!

Nýjungar á boðstólum í ár voru m.a. spunasmíðja og kröftug growl smíðja frá Ylfu í Dead Herring. Ungmennabandið Spaðabani kom í tónleikaheimsókn og inspíreruðu okkur upp úr skónum.

Tónleikarnir voru ótrúlega vel heppnaðir og mikil og falleg samstaða lá í loftinu. Við hlökkum til að heyra meira frá Pleasure Pain, Trans Siberian Punk Express, Flæðingum og Fjólublárrí viðvörun.



## Tilvitnanir frá þátttakendum í Kvennarokki

„allrabestu þakkir fyrir mig og til allra skipuleggjenda og sjálfboðaliða. Þetta var frábær helgi, prógramið einstaklega vel upp sett og framkvæmt, allt eins og best verður á kosið. Ég dáist að ykkur, það er eitthvað alveg stórkostlegt sem þið eruð að gefa stelpum og konum í gegn um þessa starfsemi!“

„helgin var algjört æði ! Mikil hamingjuaukning hérna megin. Takk fyrir mig!“


„Kærar þakkar allar þetta var svo frábær helgi, algjör orkugjafi inn í lífið og sumarið... “





# STELPUR ROKKA NORÐURLAND

allar myndir á opnunni eftir Mylene Blanc



## 10 til 12 ára rokkbúðir á Akureyri

Við erum mjög stoltar af systursamtökum okkar, Stelpur rokka! Norðurlandi, sem luku sínu þriðja starfsári á árinu. Slegið var skráningarmet í 10 til 12 ára rokkbúðirnar og yfir 20 þátttakendur rokkudu stíft í fimm daga í Menningarhúsinu Rósenborg á Akureyri. Húsið fylltist af gleði, pönki og frábærri rokkorku!



## 13 til 16 ára rokkbúðir á Akureyri

Stelpur rokka! Norðurland héldu einnig rokkbúðir fyrir 13 til 16 ára ungmenni síðastliðið sumar og þrjár frábærar hljómsveitir komu fram á flottum lokatónleikum. Við þökkum Akureyrarbæ og Uppbyggingarsjóði Norðurlands kærlega fyrir frábært samstarf.



**FYLGIST VEL MEÐ  
STELPUR ROKKA! NORÐURLANDI  
Á SAMFÉLAGSMIDLUM!**






# 10-12 ÁRA ROKKBÚÐIR

Eitt af stærstu og háværustu verkefnum sumarsins voru 10 til 12 ára rokkbúðirnar okkar. 35 frábærir þátttakendur rokkðu í sjö hljómsveitum og sömdu einstaklega frumleg og flott lög.

Við buðum upp á ýmsar nýjungar; ný umræðuþemu og fjölbreyttar vinnusmiðjur á borð við sviðsframkomu, líkamsvirðingarsmiðju, synthasmiðju, textagerð, rokksögu og mótmælasmiðju.



Við fengum góða gesti í heimsókn víðsvegar að, m.a. tónleikaheimsókn frá Umbrá og Ateriu en báðar sveitir tóku þátt í Músíktíraununum árið 2018. Ateria stóð uppi sem sigurvegari keppninnar - einstaklega flottur árangur hjá þessari ungu hljómsveit!

Rokkbúðirnar okkar enduðu á frábærum lokatónleikum þar sem fullt var út úr húsi. Tónleikarnir voru klárlega einn af hápunktum sumarsins í starfinu okkar! Hægt er að nálgast upptökur af tónleikum samtakanna á [stelpurrokka.is](http://stelpurrokka.is)





# 13-16 ÁRA ROKKBÚÐIR



13 til 16 ára rokkbúðirnar eru stærsta verkefni samtakanna á hverju ári. Yfir 20 sjálfboðaliðar störfuðu í búðunum og 30 þátttakendur mynduðu 6 hljómsveitir. Dagskráin var troðfull af hljóðfæratímum, hljómsveitaæfingum, þemaumræðum, hópefli, vinnusmiðjum og tónleikaheimsóknum.

Við hleyptum nýrri raftónlistarlínu af stað og viðtökur voru framar björtustu vonum! Við kenndum á hljóðgervla og tónlistarforrit í stað hefðbundinna hljóðfæra og í heila viku lærðu þátttakendur um margvíðan heim raftónlistarinnar. Við hlökkum til að efla áfram raftónlistarlínuna okkar á komandi árum!




**STELPUR ROKKA!** Langar þig að búa til raftónlist í sumar?

**Komdu þá í rokkbúðir fyrir 13-16 ára í sumar og skráðu þig í raftónlist!**

Reyndar tónlistakonur og pródúsentar munu kenna á:

- tónlistarforrit
- syntha
- sampler
- trommuheila
- og fleira og fleira!

Skráning og nánari upplýsingar á [www.stelpurrokka.org](http://www.stelpurrokka.org)



Við leggjum mikla áherslu á að skapa innilega stemningu í rokkbúðunum þar sem öllum þátttakendum líður vel og þeir finna fyrir stuðningi, bæði frá sjálfboðaliðum og öðrum þátttakendum. Í rokkbúðirnar í sumar komu m.a. tvær stelpur sem eru nýfluttar til Íslands frá Afganistan og það var einstaklega ánægjulegt að sjá að rokkgleðin flæddi og vinátta blómstraði þrátt fyrir ólíkan bakgrunn og tungumálakunnáttu þátttakenda. Við leggjum mikla áherslu á að bjóða börnum flóttafólks og hælisleitenda í rokkbúðirnar og vinnum markvisst að því að byggja upp þekkingu og reynslu í því að taka vel á móti þessum hópi ungmenna.





# STELPUR ROKKA! AUSTURLAND



## *Rokkbúðin á Seyðisfirði*

Okkur þótti sérlega vænt um að halda fyrstu stóru rokkbúðirnar á Austurlandi, gistörokkbúðirnar á Seyðisfirði fyrir 16 til 20 ára í ágúst síðastliðnum. Stemningin í búðunum var einstaklega innileg og falleg orka flæddi um húsið þessa sólríku daga. Það er magnað hvað hægt er að semja mikla tónlist á örfáum dögum!




Rokkbúðirnar voru frábær upphafspunktur Stelpur rokka! á Austurlandi og við fundum fyrir miklum meðbyr og stuðningi við starfið okkar í samfélaginu fyrir austan. Við þökkum samstarfsaðilum okkar, Tónlistarskólanum, Seyðisfjarðarkaupstað, Uppbyggingarsjóði Austurlands, Arion banka á Egilsstöðum, Smyril line og Skaftfelli kærlega fyrir frábært samstarf og hlökkum til áframhaldandi rokkbúðaverkefna á Austurlandi.





# TÓGÓ OG SJÁLFBODALIÐASKIPTI



## Rokkbúðirnar í Tógó

Rokkbúðirnar í Tógó í Vestur Afríku er magnað verkefni sem við erum stolt af að styðja, ásamt samtökunum Sól í Tógó. Samtökin tvö styðja rokkbúðirnar í Tógó með hljóðfærum og fjárstuðningi en það eru tógólískar tónlistarkonur sem skipuleggja og framkvæma rokkbúðirnar árlega.

Mirlinda Kuakivi, forstöðukona rokkbúðanna, rekur einnig tónlistar-miðstöð og tónlistarskóla í höfuðborginni Lomé. Um er að ræða eina aðgengilega tónlistarskólann í Tógó, sem okkur er kunnugt um.

Á næsta ári munum við senda sjálfboðaliða til Tógó og fá til okkar í rokkbúðirnar í Reykjavík tvær starfskonur frá tógólísku rokkbúðunum. Vettvangsheimsóknirnar eru dýrmætt tækifæri til að styrkja samstarfsböndin og efla hvort annað.



## Söfnun fyrir Tógó og samstaða á Menningarnótt

Okkur langar sérstaklega að þakka öllum þeim sem hlupu fyrir hönd rokkbúðanna í Tógó eða lögðu hlauprunum okkar lið í Reykjavíkummarþoninu á Menningarnótt í ágúst síðastliðnum. Við söfnuðum 381.000 krónum sem sendar voru beint til Tógó í rokkbúðirnar sem fóru fram um miðjan september.

Við tryggðum, með hjálp söfnunarinnar og Utanríkisráðuneytisins, fjármagn til rokkbúðanna í Tógó næstu 3 árin. Það er ómetanlegt að sjá hvað alþjóðlegt rokkbúðastarf nýtur mikils stuðnings á meðal vina og velunnara okkar. Okkur þykir sérlega vænt um fallega kveðju sem hljómsveitin Todmobile sendi okkur af stóra sviðinu á Arnarhóli á menningarnótt.








# ALÞJÓÐLEGAR ROKKBÚÐIR Í BERLÍN

Stærsta verkefni Stelpur rokka! til þessa átti sér stað í júlí í Berlín en samtökin fóru fyrir alþjóðaneti evrópskra rokkbúða og héldu risastórar alþjóðarokkbúðir, ásamt þýsku rokkbúðasamtökunum Ruby Tuesday.

Í rokkbúðunum urðu til 7 hljómsveitir skipaðar um 40 þátttakendum. Aðrir þátttakendur mynduðu fjölmiðlateymi sem sá um að skrásetja búðirnar gegnum myndir, hljód og vídjó, og skipulagsteymi sem sá um framkvæmd lokatónleikanna.

Bætið við það ótal vinnusmiðjum, ranghölum tónlistarakademiunnar í Berlín, gistiþorpi úti í skógi, morgunhringjum, hengirúmum, kvölddagskrá, eldhúsvöktum, listrænni ígrundun, 28°á celsíus, 3000 metrum af snúrum, risageitungum, karóki, dansíóki, u.þ.b. 239 excel skjölum, einum snák og lengsta "blóðmána" aldarinnar. Og þá höfum við MEME Berlínarokkbúðirnar 2018 í stórum dráttum.



Samvinna, samstaða og spilagleði einkenndi vikuna og lokatónleikarnir voru magnaðir. Þar komu fram hljómsveitirnar Geimfari, Unicorn and Flames, CLASS Understated, Dishwashers, The Venoms, The Free Spirits og Sound of Omen - skipaðar meðlimum þvert á þjóðerni og tungumál, sem spiluðu allt frá metal yfir í popp ballöður.

"Að taka þátt í Rokkbúðunum í Berlín opnaði fyrir mér nýja vídd í tónlistarsköpun. Í búðunum skapaðist einstakt en um leið nauðsynlegt rými til að prófa sig áfram á ólík hljóðfæri og finna fjölbreyttar leiðir til sköpunar. Í Berlín kynntist ég og lærði á Synthesizer og raftónlistargræjur sem breyta algjörlega möguleikum mínum til þess að semja mína eigin tónlist. Í rokkbúðum er allt hægt því allir hjálpast að við að finna leiðir og það viðhorf tek ég með mér heim."

- Embla Guðrúnar Ágústsdóttir



# RÁÐSTEFNA Í SERBÍU OG NÆSTU SKREF




## Evrópuráðstefna rokkbúða í Serbíu

Stelpur rokka! sendu sjö fulltrúa á Evrópuráðstefnu rokkbúða í Belgrade í Serbíu sem haldin var af Femix, serbneskum rokkbúðasamtökum. Stelpur rokka! voru annar aðalskipuleggjenda ráðstefnunnar og höfðu yfirumsjón með dagskrárgerð.

Á ráðstefnunni hittust yfir 50 rokkbúðaskipuleggjendur frá 15 löndum í Evrópu og deildu þekkingu sinni og reynslu af rokkbúðastarfinu. Á dagskrá voru fjölbreyttar vinnusmiðjur um allt sem viðkemur rokkbúðastarfinu og lagt var á ráðin um ný samstarfsverkefni.

Ráðstefnan var, ásamt alþjóðarokkbúðunum í Berlín, hluti af verkefninu Music Empowerment Exchange, styrkt af Erasmus+ Evrópu unga fólksins.



## Noestu skref í Evrópusamstarfinu

Næsta sumar munu Stelpur rokka! ráðast í stærsta verkefni samtakanna til þessa: alþjóðlegar rokkbúðir á Íslandi! Við eigum von á 60 þátttakendum og 30 sjálfboðaliðum frá 12 samstarfssamtökum frá tíu löndum sem munu rokka með okkur í heila viku á Íslandi í ágúst næstkomandi. Stelpur rokka! munu bjóða nokkur frí pláss í þessar búðir og sérstök áhersla verður lögð á þátttöku ungmenna með færri tækifæri. Fylgist vel með fréttum á samfélagsmiðlum!

Áfram rokkbúðahreyfingin út um allan heim!





# VIÐBURÐIR Á ÁRINU



## *Fjölbreyttin viðburðin árið um kning*

Við höldum fjölda peppviðburða fyrir sjálfboðaliða og alla áhugasama á árinu í samvinnu við Loft Hostel. Allir viðburðir samtakanna eru ókeypis og með góðu aðgengi fyrir fólk með hreyfihömlun. Við höldum m.a. tónleika með ungu hljómsveitunum Umbrá, Ateria og Madre mia á Loft, kvennarokktónleika með Hellidembu og Maríu Viktoríu, hip hop quiz með veglegum vinningum, og peppkvöld með hinn frábæru lúdrasveit Innblæstri Arkestru.

Við tókum einnig þátt í fjölmörgum samstarfsviðburðum á árinu. Við störfuðum með Druslugöngunni, höldum erindi um tilurð samtakanna og aktívisma á Hrunið, þið munið, ráðstefnu um íslenska efnahagshrunið á vegum Háskóla Íslands og vorum á meðal þátttökusamtaka á Kynjapingi 2018.



## *Synth babes festival*

Synth Babes, alþjóðlegt samstarfsnet og frumkvöðlafyrirtæki kvenna, trans og kynsegin fólks í raftónlist, hélt, í samvinnu við Stelpur rokka!, fyrstu SYNTH BABES FEST hátíðina í júní síðastliðnum.

Fjölbreytt íslenskt og erlent tónlistarfólk steig á svið, spilaði og sagði frá græjunum sínum. Sýnd var heimildarmyndin Wild Dogs sem fjallar um þátttakendur í femíníska pródúsentaþrógramminu "Vem kan bli producent" í Svíþjóð.

Einnig var boðið upp á raftónlistarvinnusmiðju fyrir allan aldur, hljóðtilraustofu þar sem hægt var að prófa nýjustu tækni í tónlistarsköpun og flutningi, ásamt pallborðsumræðum um tónlist, tækni og jafnrétti.

## *Fram komu:*

Plasmabell (IS)  
Tusks (UK)  
Tanya Pollock (IS)  
Special-K (IS)

rauður (IS)  
Ninoosh (AU)  
Loljud (SE)





# OFF VENUE AIRWAVES



## *Stelpur rokka! á Airwaves*

Stelpur Rokka! voru með frábæra Iceland Airwaves Music Festival off venue dagskrá á LOFT Hostel yfir tónlistarhátíðarhelgina. Fram komu bönd sem koma að samtökunum á einhvern hátt eða styðja starfið okkar, og allir flytjendur voru konur, trans fólk og/ eða kynsegin einstaklingar. Tónleikarnir eru árlegur viðburður sem styður við tónlistargrassótina í starfinu okkar.



Við óskum Ateriu hjartanlega til hamingju með sigurinn í Músíktíraunum 2018!

## BLÓMLEGT TÓNLISTARLÍF

Það gleður okkur mikið að sjá gróskuna í ungmennaböndum í dag. Fleiri og fleiri fyrrum þátttakendur rokkbúða spila í hljómsveitum, koma fram á spila á tónlistarhátíðum og vinna til verðlauna.

Við erum á réttri leið í átt að takmarki okkar að leiðrétta kynjahallann í íslensku tónlistarlífi og stuðla að auknu félagslegu réttlæti, með gleðina og sköpunarkraftinn í fyrirrúmi.





# STUÐNINGUR VIÐ STARFIÐ



## Styðja starfið

Það er hægt að styðja starfið okkar á ýmsan hátt!

Öllum konum (sís og trans) trans mönnum, kynsegin og intersex einstaklingum, átján ára og eldri, er velkomid að vera sjálfboðaliðar hjá okkur en hópinn skipa nú yfir 100 manns. Flest hafa bakgrunn í tónlist og reynslu af starfi með ungu fólki en það er þó ekki nauðsynlegt til að gerast sjálfboðaliði. Það eina sem þarf er brennandi áhugi á starfinu og grunnildum okkar, og vilji til að vera góð fyrirmynd sem þátttakendurnir okkar spegla sig í.

Við tökum einnig á móti frjálsum framlögum og hljóðfærum sem fólk hefur áhuga á að láta í hendur ungra rokka!



## Stuðningsaðilar

Stelpur rokka! Þakka þeim fjölmörgu stuðnings- og samstarfsaðilum sem gerðu okkur kleift að vinna að verkefnum ársins;

Tónskóli Sigursveins, Reykjavíkurborg, Velferðar-ráðuneytið, Utanríkisráðuneytið, Uppbyggingarsjóður Norðurlands, Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra, Menningarsjóður Akureyrar, Uppbyggingarsjóður Austurlands, Fljótsdalshérað, Seyðisfjarðarkaupstaður

Arion Banki á Egilsstöðum	Native Instruments Nexus
Borgarbókasöfn	Samtökin 78
Dominos	Sláturhúsið
Druslugangan	menningarmiðstöð Smyril
Efla verkfræðistofa	line
Exton	Skaftfell
Gló Hamborgarafabrikkan	Sól í Tógó
Hitt húsið	Tabú
Hljóðfærahúsið	Tónabær
Húsið	Tónastöðin
Icelandair	Tónklasinn
Joe and the Juice	Tónlistarskólinn á
Jónína Björg	Seyðisfirði
Magnúsdóttir	Trans Ísland
Kex hostel	TPM
KÍTÓN	Valdís Björt
Lemon	Guðmundsdóttir og aðrir
Loft hostel	höfundar ljóðabókarinnar
Menningarhúsið	Innvols
Rósenborg	Verkfræðistofan Tröð.
Miðberg	

Exton og Hljóðfærahúsið eiga miklar þakkir skyldar fyrir frábæran græjustuðning á árinu! Einnig viljum við þakka öllum þeim sem gáfu hljóðfæri til rokkbúðanna á árinu.

Sérstaklega viljum við þakka nemendum og kennurum við Listaháskóla Íslands sem skipulögðu styrktartónleika fyrir starfið okkar og öllu tónlistarfólkinu sem þar kom fram.

Stuðningsaðilar Tógósöfnunar fá hlýjar þakkir fyrir fallega samstöðu.



# NÆSTU SKREF HJÁ STELPUR ROKKA!



Árið 2019 verður einstaklega spennandi og annasamt. Við fáum 90 alþjóðlega gesti í heimsókn næsta sumar í vikulangar gistirokkbúðir en um er að ræða langstærsta rokkbúðaverkefni samtakanna til þessa!

Stelpur rokka! munu á næsta ári einnig opna nýja tónlistarmiðstöð í Breiðholti í Reykjavík. Samtökin munu halda úti öflugum vetrarstarfi í tónlistarmiðstöðinni og stórauka framboð af hljóðfæratímum, rokksmiðjum, vetrarrokkbúðum og fjölbreyttum samstarfsverkefnum við skóla og stofnanir í hverfinu og í borginni allri.

Á næsta ári viljum við einnig halda áfram að efla tengslin við samstarfssamtök og hópa innanlands sem utan sem beita sér fyrir jafnrétti allra í samfélaginu, og sýna stuðning okkar og samstöðu betur í verki. Við viljum efla fjölbreytnina innan samtakanna, styrkja gildin okkar og miðjusetja ungmenni sem mest þurfa á stuðningi að halda í öllu okkar starfi.






Við þökkum þátttakendum, foneldrum,  
samstarfsaðilum og velunnurum kærlega  
fyrir frábænt starfsár og óskum ykkur  
gleðilegs nýs árs, uppfyllu af gleði,  
valdeflingu og hávaða!



Fylgist vel með okkur á samfélagsmiðlum  
og skráið ykkur á póstlistann á  
[stelpurrrokka.is](http://stelpurrrokka.is)



## Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

**Umsækjandi: Stelpur rokka!**

**Kennitala: 700112-0710**

**Heimilisfang: Melsel 5**

**Netfang: [info@stelpurrokka.is](mailto:info@stelpurrokka.is)**

**Símanúmer: 6965438**

**Póstnúmer: 109**

**Staður: Reykjavík**

**Nafn ábyrgðarmanns: Áslaug Einarsdóttir**

**Kennitala ábyrgðarmanns: 020185-2449**

**Heimilisfang ábyrgðaraðila: Melsel 5**

**Póstnúmer ábyrgðaraðila: 109**

**Netfang ábyrgðaraðila: rokksumarbudir@gmail.com**

**Símanúmer ábyrgðaraðila: 6965438**

**Hlutverk ábyrgðaraðila: Framkvæmdastýra**

**Upphæð sem sótt er um: 4.680.000 árlega, til næstu 3 ára.**

**Banki: 301**

**Höfuðbók: 26**

**Reikningsnúmer: 700112**

**Heiti verkefnis: Styrkbeiðni vegna leigu á Völvufelli 15 til 21**

*fyrir tónlistarmiðstöð samtakanna Stelpur rokka!*

### Lýsing á verkefni:

Félagasamtökin Stelpur rokka! óska eftir stuðningi frá Borgarráði að upphæð 4.680.000 árlega, til næstu 3 ára, til að taka á leigu 300 fermetra húsnæði í Völvufelli 15 til 21 undir nýja tónlistarmiðstöð samtakanna.

Stelpur rokka! hafa verið í viðræðum við Reykjavíkurborg frá því í september síðastliðnum um leigu á húsnæði á vegum borgarinnar undir nýja tónlistarmiðstöð samtakanna. Stelpur rokka! fengu framúrskarandi umsögn hverfisráðs Breiðholt í útboði borgarinnar um leigu á húsnæðinu í Völvufelli.

Miðstöðin mun standa fyrir blómlegu starfi árið um kring. Áætlað er að um 100 þátttakendur taki árlega þátt í hljóðfæra- og hljómsveitabúðum samtakanna sem munu fara fram yfir vetrartímenn. Sá fjöldi er til viðbótar við þá rúmlega 200 þátttakendur sem samtökin þjónusta nú þegar árlega í sumarrokkbúðum samtakanna.

Miðstöðin verður einnig opin öllum ungmennum, alla daga vikunnar. Samtökin munu standa fyrir fjölmörgum fræðsluviðburðum og tónleikum sem verða opnir gestum á öllum aldri og af öllum kynjum. Áætlaður fjöldi þátttakenda á opnu húsi, tónleikum og öðrum viðburðum er um 400 manns árlega.

Stelpur rokka! munu halda áfram að miðjusetja ungmenni með færri tækifæri í starfi sínu. Samtökin munu leggja höfuðáherslu á að bjóða ungmennum af erlendum uppruna í Breiðholti á opið hús tónlistarmiðstöðvarinnar og einnig bjóða þeim upp á frí og niðurgreidd pláss í alla skipulagða dagskrárliði samtakanna.

### **Hverjir hafa helst hag af styrknum?**

Samtökin leggja mikla áherslu á að þjónusta ungmenni sem hafa minna aðgengi að valdeflandi tómstundastarfi sökum efnahags, búsetu, fötlunar, kynvitundar, uppruna eða annarra breyta. Við teljum nauðsynlegt að ungmenni hafi tækifæri til þess að mæta óvænt og fá að prófa sig áfram með ýmis konar hljóðfæri og græjur og spila saman sér að kostnaðarlausu og án þess að hafa gert boð á undan sér. Einnig munum við bjóða upp á ókeypis og niðurgreidd pláss í skipulagða dagskrárliði tónlistarmiðstöðvarinnar. Að jafnaði nýtir tæpur fjórðungur þátttakenda sér niðugreiðslu að hluta eða að öllu leyti.

### **Hér þarf að koma fram hvort það séu:**

**Nær eingöngu karlar**

**Fleiri karlar en konur**

**Bæði kynin jafnt**

**Fleiri konur en karlar**

**Nær eingöngu konur x (fólk af öllum kynjum nema cís karlar verða í forgangi fyrir aðgengi að tónlistarmiðstöð. Tónlistarmiðstöð verður þó opin öllum kynjum).**

**Hverjir munu vinna að verkefninu?**

**Hér þarf að koma fram hvort það séu:**

**Aðallega karlar**

**Aðallega konur x (fólk af öllum kynjum nema cís karlar eru í forgangi að störfum og sjálfboaðliðastörfum hjá félagasamtökunum Stelpur rokka!)**

**Bæði kynin jafnt**

**Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)**

**Já. Eftirtalin er jafnréttisstefna samtakanna:**

Rokksumarbúðir Stelpur rokka! standa öllum stelpum (cís og trans), trans strákum, kynsegin krökkum og intersex krökkum opnar, óháð uppruna, fjárhag, litarhafti,



líkamsgerð, ætterni, heilsufari, kynhneigð, túlkun kyngervis, trú, getu, móðurmáli, fötlun eða öðrum breytum.

## **Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?**

**(Mannréttindastefnu má finna hér:**

[http://reykjavik.is/sites/default/files/mannrettindastefna\\_reykjavikurborgar\\_3.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/mannrettindastefna_reykjavikurborgar_3.pdf))

Hugmyndafræði Stelpur rokka! samrýmist vel jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar. Stefnan leggur áherslu á jafna stöðu kynjanna í uppeldis og tómsundarstarfi sem og að veita ungu fólki hvatningu til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda. Starfsemin okkar fellur ennfremur vel að markmiðum skóla og frístundasviðs að vera framsækið forystuafli í frístundastarfi. Við viljum bjóða Reykjavíkurborg að styrkja stöðu sína og ímynd sem tónlistarborg með því að styðja eitt öflugasta jafnréttis- og tónlistargrassrótarstarf landsins. Við þökkum Reykjavíkurborg kærlega fyrir að vera mikilvægur hluti af okkar vegferð og vonumst eftir áframhaldandi samstarfi.

### **Fjármögnun:**

#### **Verk- og tímaáætlun verkefnisins**

Stelpur rokka! munu opna og reka tónlistarmiðstöð þann 1. Október næstkomandi sem mun þjónusta allt að 100 þátttakendur árlega í skipulögðum dagskrárliðum og 400 gesti á opnu húsi og öðrum viðburðum. Samtökin munu ráða til starfa verkefnastýru í hálfri stöðugildi sem mun hafa umsjón með öllu vetrarstarfi samtakanna. Með opnun tónlistarmiðstöðvar verður stigið mikilvægt skref í átt að því langtíma markmiði samtakanna að bjóða upp á metnaðarfullt valdeflandi tómsundastarf árið um kring. Samtökin hafa hingað til ekki getað annað eftirspurn í hljómsveitabúðir og hljóðfæratíma yfir vetrartímann, aðallega vegna skorts á húsnæði undir starfseminu.

Vetrarstarfið mun fara fram alla virka daga yfir vetrartímann og samanstanda af 10 vikna hljóðfæraeinkatímum á hverri önn, 10 vikna hljómsveitanámskeiðum á hverri önn,

vikulegum vinnusmiðjum og reglulegum tónleikum. Samtökin munu ennfremur setja á laggirnar upptökuver en samtökin hafa undanfarið ár lagt áherslu á að efla þekkingu þátttakenda á tæknilegum hliðum tónlistarstarfs, m.a með nýrri raftónlistarlínu í rokkbúðunum í Reykjavík sumarið 2018. Upptökuverið mun þjónusta alla áhugasama og sérstök áhersla verður lögð á að bjóða upp á námskeið í upptökutækni fyrir ungmenni. Þá munu æfingarými vera leigð út fyrir vægt gjald til allra áhugasama í hverfinu. Með því vilja samtökin styðja við fólk á öllum aldri og af öllum kynjum í hverfinu og bjóða fram vel útbúin rými sem henta til hvers kyns tónlistarsköpunar. Tónlistarmiðstöðin mun því ekki síst nýtast til að efla samstarf og samstöðu tónlistarfólks í hverfinu sem mun njóta góðs af æfingarymum, upptökuveri og tónleikaaðstöðu samtakanna. Samtökin munu einnig standa fyrir reglulegum viðburðum sem verða opnir öllum áhugasömum, í samstarfi við aðra samstarfsaðila í hverfinu, en samtökin hafa byggt upp öflugt tengslanet í Breiðholti undanfarin ár.

Ekki síst mun tónlistarmiðstöðin vera daglega með opið hús fyrir allar áhugasamar stelpur, trans og kynsegin ungmenni. Hugmyndafræði samtakanna byggir á því að starfið sé farsælast þegar það þjónustar þau ungmenni sem mest þurfa á valdeflingu að halda. Samtökin leggja mikla áherslu á að þjónusta ungmenni sem hafa minna aðgengi að valdeflandi tómstundastarfi sökum efnahags, búsetu, fötlunar, kynvitundar, uppruna eða annarra breyta. Við teljum nauðsynlegt að ungmenni hafi tækifæri til þess að mæta óvænt og fá að prófa sig áfram með ýmis konar hljóðfæri og græjur og spila saman sér að kostnaðarlausu og án þess að hafa gert boð á undan sér. Einnig munum við bjóða

upp á ókeypis og niðurgreidd pláss í skipulagða dagskrárliði tónlistarmiðstöðvarinnar . Að jafnaði nýtir tæpur fjórðungur þátttakenda sér niðurgreiðslu að hluta eða að öllu leyti.

Nánari upplýsingar um dagskrá vetrarstarfsins má finna í meðfylgjandi viðauka, dagskráfirliti.

## Áætlaðir tekjuliðir og upphæðir

### Innkomuliðir

Styrkur Velferðarráðuneytis	500.000 krónur (launakostnaður v.stýru)
Eigið fé samtakanna	1.500.000 krónur (endurbætur)
Innkoma frá þáttökugjöldum	900.000 krónur

Framlag frá Reykjavíkurborg	1.230.000 krónur (húsaleiga og rekstrarkostnaður)
Varningssala og aðrir styrkir	400.000 krónur (Sótt um Barnameningarsjóð)

**Samtals: 4.560.000 krónur**

### Áætlaðir útgjaldaliðir og upphæðir

#### Útgjaldaliðir

Launakostnaður verkefnastýru (hálf starf)	1.166.000 krónur
Húsaleiga	870.000 krónur (fyrsti mánuður frír)
Kostnaður við endurbætur á rými	1.500.000 krónur
Kostnaður við kynningarherferð	300.000 krónur
Sjálfbóðaliðapóknanir	350.000 krónur
Rekstrarkostnaður (rafmagn, hiti, internet)	360.000 krónur (fyrsti mánuður frír)

**Samtals: 4.546.000 krónur**

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?

- Barnameningarsjóður 400.000 krónur

-

-

#### Aðrar upplýsingar:

Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda? Nei.

**Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks? 600.000 krónur í október 2013.**

**Annað sem umsækjandi vill taka fram**

Allar upplýsingar um samtökin má finna í meðfylgjandi erindi og á heimasíðunni [stelpurrokka.is](http://stelpurrokka.is)